



LANDLÆKNISEMBÆTTIÐ

TALNABRUNNUR

Fréttabréf landlæknis um heilbrigðisþörf

3. árg. 10. tölublað. Október 2009.

EFNI:

Skrá landlæknis um rekstraraðila í heilbrigðisþjónustu	bls. 1
Biðlistar vegna skurðaðgerða á sjúkrahúsum	bls. 2

Ritstjórn

Sigríður Haraldsdóttir
sviðsstjóri, ábm.

Anna Björg Aradóttir
Matthías Halldórsson
Svanhildur Þorsteinsdóttir

Ritstjóri
Jónína M. Guðnadóttir

LANDLÆKNISEMBÆTTIÐ HEILBRIGÐISÞÖLFRAEÐISVIÐ

Austurströnd 5
170 Seltjarnarnes
Sími: 510 1900
Bréfasími: 510 1919

Netfang: mottaka@landlaeknir.is
Veffang: www.landlaeknir.is

Heimilt er að nota efni þessa fréttabréfs, sé heimildar getið.

SKRÁ LANDLÆKNIS UM REKSTRARAÐILA Í HEILBRIGÐISÞJÓNUSTU

Í júní síðastliðnum gaf Landlæknisembættið í fyrsta sinn út skrá yfir rekstraraðila í heilbrigðisþjónustu, en samkvæmt 6.gr. laga um landlækni, nr. 41/2007, skal landlæknir halda slíka skrá.

Eftir gildistöku ofangreinds lagaákvæðis 1. september 2007 ber heilbrigðisstarfsmönnum og öðrum sem hyggjast hefja rekstur heilbrigðisþjónustu að tilkynna það til landlæknis. Flokkun heilbrigðisþjónustu í skránni tekur mið af lögum um heilbrigðisþjónustu nr. 40/2007.

Upprunalega skráin yfir rekstraraðila byggir annars vegar á tilkynningum frá þeim sem starfa í heilbrigðisþjónustu sem rekstraraðilar og hófu rekstur eftir 1. september 2007 og hins vegar á upplýsingum úr ýmsum opinberum gögnum um stofnanir og sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsmenn sem voru rekstraraðilar í heilbrigðisþjónustu áður en fyrrgreint lagaákvæði tók gildi.

Einhverjar villur kunna að vera í upplýsingum sem aflað var á óbeinan hátt um þá rekstraraðila sem störfuðu í heilbrigðisþjónustu fyrir fyrrgreinda dagsetningu. Þeir sem í hlut eiga og verða varir við villur í skránni ættu að koma leiðréttingum á framfæri við Landlæknisembættið. Rekstraraðili í heilbrigðisþjónustu skal tilkynna breytingar á aðsetri og sé rekstri hætt skal það tilkynnt til landlæknis.

Starfsstöðvar sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsmanna

Á Íslandi eru 32 löggiltar heilbrigðisstéttir. Í skrá landlæknis eru upplýsingar um heilbrigðisstarfsmenn úr 15 (47%) stéttum sem veita heilbrigðisþjónustu á starfsstofum, þ.e. starfsstöðvum sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsmanna.

(Framhald bls. 2)

Tafla Heilbrigðisstarfsmenn á starfsstofum

Heilbrigðisstéttir	Fjöldi skráninga	Fjöldi heilbr.-starfsmanna	Starfandi á einni starfsstöð	Starfsstofur/aðsetur
Félagsráðgjafar	14	14	100%	11
Fótaaðgerðarfræðingar	80	74	93%	68
Hjúkrunarfræðingar	24	23	96%	22
Hnykkjar	9	8	89%	7
Ljósmæður	105	105	100%	105
Læknar	509	370	73%	72
Læknaritarar	1	1	100%	1
Osteópatar	5	4	80%	4
Sálfræðingar	125	123	98%	48
Stoðtækjafræðingar	2	2	100%	2
Sjöntækjafræðingar	25	17	68%	20
Sjúkranuddarar	24	23	96%	18
Sjúkraþjálfarar	330	313	95%	103
Talmeinafræðingar	24	23	96%	12
Tannlæknar	314	302	96%	144
Samtals	1591	1402		637

Heimild: Skrá landlæknis yfir rekstraraðila í heilbrigðisþjónustu 28.10.2009

*Í skrá landlæknis
eru upplýsingar
um að 1402
heilbrigðis-
starfsmenn starfa
við rekstur
heilbrigðisþjónustu.*

Tafla á bls. 1 sýnir umfang og dreifingu heilbrigðisstarfsmanna sem veita heilbrigðisþjónustu á starfsstofum.

Til skýringar skal bent á að tilkynna ber landlækni um fyrirhugaðan rekstur á sérhverri starfsstofu þar sem áformað er að veita heilbrigðisþjónustu, en heilbrigðisstarfsmanni er frjálst að veita heilbrigðisþjónustu á fleiri en einni starfsstofu. Landlæknir safnar ekki upplýsingum um starfshlutfall heilbrigðisstarfsmanna á einstökum starfsstofum, sem getur verið mjög breytilegt.

Í skrá landlæknis eru upplýsingar um að 1402 heilbrigðisstarfsmenn starfa við rekstur heilbrigðisþjónustu. Sami heilbrigðisstarfsmaður getur verið rekstraraðili á fleiri en einni starfsstofu og kemur því oftast en einu sinni fram í talningu úr skránni. Fjöldi skráninga yfir heilbrigðisstarfsmenn á starfsstofum er 1591. Alls er heilbrigðisþjónusta veitt á 637 aðsetrum starfstofa heilbrigðisstarfsmanna, sem gefur til kynna að heilbrigðisstarfsmenn sameinist gjarnan um rekstur starfstofa sinna á tilteknum stöðum.

Stofnanir í heilbrigðisþjónustu

Í rekstraraðilaskrá eru einnig skráðar stofnanir í heilbrigðisþjónustu og rekstareiningar innan stofnana þegar við á. Rekstareiningar eru fleiri en stofnanir þar sem algengt er að margar rekstareiningar eru undir yfirstjórn einnar stofnunar. Þannig háttar til um fjölmargar heilbrigðisstofnanir víðs vegar um landið. Sem dæmi má nefna Heilbrigðisstofnun Austurlands, en til þeirrar stofnunar heyrir rekstur sjúkrahúsþjónustu á fjórum stöðum, rekstur fjölmargra heilsugæslustöðva og útibúa og rekstur nokkurra hjúkrunardeilda.

Rekstareiningar hafa þannig mismunandi staðsetningu og flokkun þjónustu og fær hver þeirra því eina skráningu í rekstraraðilaskrá.

[Skrá landlæknis yfir rekstraraðila í heilbrigðisþjónustu](#) er birt á vef Landlæknisembættisins og uppfærð einu sinni í mánuði.

Hanna Ásgeirsdóttir

*Biðlisti vegna
hjartaþræðinga á
Landspítala er
nú nær horfinn.*

BIÐLISTAR VEGNA SKURÐAÐGERÐA Á SJÚKRAHÚSUM

Landlæknisembættið birti nýlega tölur á vefsetri sínu um bið eftir völdum aðgerðum á sjúkrahúsum og tilteknum læknastofum. Staða á biðlistum er könnuð þrisvar ári á vegum Landlæknisembættisins og liggja nú fyrir samanburðarhæfar tölur um þróun biðlista á árunum 2007–2009.

Vegna árstíðasveiflna er eðlilegast að bera saman stöðu mála í sama mánuði ár hvert. Þegar staða á biðlistum í október 2009 er borin saman við stöðu á biðlistum í október árin áður, sést að biðlistar hafa verið að styttest fyrir nær allar skurðaðgerðir. Verulegur árangur hefur til dæmis náðst varðandi styttingu biðlista vegna hjartaþræðinga, en langur biðlisti var fyrir hjartaþræðingar á Landspítala á árunum 2007 og 2008. Sá biðlisti er nær horfinn.

Biðlisti fyrir augnaaðgerðir hefur einnig styst umtalsvert milli ára. Nú bíða 1222 einstaklingar eftir aðgerð á augasteini samanborið við 1543 á sama tíma í fyrra. Aðgerðir á augasteini eru framkvæmdar á sjúkrahúsum en einnig á einkastofum lækna. Þrátt fyrir


aukið framboð bíða rúmlega eitt þúsund einstaklingar eftir slíkri aðgerð. Sjá mynd bls. 3.

Biðlistar eru einnig til staðar fyrir gerviliða-aðgerðir á mjöðm og hné þrátt fyrir umtalsverða aukningu á slíkum skurðaðgerðum undanfarin ár. Á fyrstu 9 mánuðum ársins 2009 voru framkvæmdar 707 liðskipta-aðgerðir á mjöðm á sjúkrahúsum landsins samanborið við 332 aðgerðir árið 2007. Gerviliða-aðgerðum á hnjám hefur einnig fjölgað umtalsvert á sama tíma.

Þær stofnanir sem gefa upp áætlaðan biðtíma fyrir slíkar aðgerðir áætla að nú sé um 17 vikna bið eftir gerviliða-aðgerð á mjöðm samanborðið við 25 vikur á sama tíma í fyrra. Biðtími vegna gerviliða-aðgerða á hné er nú áætlaður um 35 vikur en var 68 vikur á sama tíma í fyrra. Þess ber að geta að biðlistar eru alla jafna hvað lengstir í októbermánuði, en hugsanleg skýring á því er að færri aðgerðir eru gerðar á sumrin vegna sumarlokana á legudeildum sjúkrahúsa.

(Framhald bls. 3)

Nú bíða 1222 einstaklingar eftir aðgerð á augasteini samanborið við 1543 á sama tíma í fyrra.



Staða biðlista er almennt góð og biðtími stuttur eftir allflestum skurðaðgerðum, sem er jákvæð þróun þegar litið er til þess að verulega hefur þurft að draga saman í rekstri sjúkrahúsa vegna hagræðingar í heilbrigðiskerfinu á undanförunum árum.

Innköllun, úrvinnsla og birting upplýsinga

Innköllun og úrvinnsla á biðlistaupplýsingum fer fram þrisvar á ári, í febrúar, júní og október, og hefur það fyrirkomulag verið frá árinu 2007. Er þessi gagnasöfnun hluti af lögbundnu eftirlitshlutverki landlæknis, sbr. lög um landlækni nr. 41/2007.

Upplýsingar um biðlista eru birtar reglulega á vef Landlæknisembættisins. Þar er m.a. útskýrt að upplýsingar um áætlaðan biðtíma séu til leiðbeiningar og að sjúklingar og að-

standendur þeirra þurfi ætíð að snúa sér til eigin lækni eða starfsfólks sjúkrahúss til þess að fá nánari upplýsingar um áætlaðan biðtíma í hverju tilviki. Samhliða biðlistaupplýsingum eru birtar upplýsingar um fjölda aðgerða fyrir ákveðin tímabil, sem endurspeglar afköst í heilbrigðisþjónustunni.

Samkvæmt lögum um réttindi sjúklinga er læknum skylt að veita sjúklingi upplýsingar um áætlaðan biðtíma eftir meðferð sem hann þarfnast og möguleika til að fá meðferðina fyrir annars staðar.

Sjá einnig á vef Landlæknisembættisins: [Aðgerðir og biðlistar - tölur](#)

Ágústa Benný Herbertsdóttir